

## Fræðsluráð – Erindisbréf

### 1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta ~~eða öðrum~~ fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í fræðsluráð til eins árs og jafnmarga til vara. Fulltrúar eru síðan kosnir í júní ár hvert. ~~Bæjarstjórn kys formann og varaformann fræðsluráðs úr hópi kjörinna fræðsluráðsfulltrúa. Bæjarstjórn kys formann fræðsluráðs, en ráðið velur sér varaformann á fyrsta fundi að aflokinni skipan þess.~~

**Athugasemd [J1P1]:** Bæjarsamþykkt segir á fyrsta fundi

**Athugasemd [J1P2]:** Bæjarsamþykkt kveður á um þetta í 59. gr.

### 2. gr.

Fræðsluráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða að minnsta kosti tveir ráðsmenn óska þess.

Rétt til setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt, eiga:

- Einn fulltrúi skólastjóra grunnskóla.
- Einn fulltrúi grunnskólakennara.
- Einn fulltrúi Foreldraráðs Hafnarfjarðar
- Einn fulltrúi leikskólastjóra.
- Einn fulltrúi leikskólakennara.
- Einn fulltrúi foreldra barna í leikskólum.

Rétt til setu á fundum fræðsluráðs á meðan fjallað er um málefni ~~leik- og grunnskóla~~, með málfrelsi og tillögurétt, eiga:

- Einn fulltrúi skólastjóra grunnskóla.
- Einn fulltrúi grunnskólakennara.
- Einn fulltrúi Foreldraráðs Hafnarfjarðar

Og á meðan fjallað er um málefni leikskóla:

- Einn fulltrúi leikskólastjóra.
- Einn fulltrúi starfsmanna leikskólakennara.
- Einn fulltrúi foreldra barna í leikskólum.

~~Framboðsaðili sem á fulltrúa í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í fræðsluráði, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.~~

**Athugasemd [J1P3]:** 63. gr. bæjarsamþykktar

Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráðið boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

~~Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.~~

**Athugasemd [J1P4]:** Lögbundin þagnarskylda ráðsmanna.

### 3. gr.

Eftirtaldir fagnefndir heyra undir fræðsluráð:

Íþróttá- og tómstundanefnd.

Athugasemd [JIP5]: 65. gr. bæjarsamþykktar

### 4. gr

Fræðsluráð getur kosið starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra starfsnefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Fræðsluráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

### 5. gr.

Sviðsstjóri-~~mennta- og lýðheilsusviðs fræðsluþjónustu, fræðslustjóri~~, undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að fræðsluráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fræðsluráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Fulltrúi í fræðsluráði er skylt að sækja alla fundi ráðsins, nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. ~~Geti ráðsmaður ekki sótt fundi skal hann tilkynna sviðsstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.~~ ~~Geti ráðsmaður ekki sótt fundi skal hann boða varamann í sinn stað.~~ Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns.

Athugasemd [JIP6]: 61. gr bæjarsamþykktar

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af eða þegar til staðar eru aðrar ástæður sem koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur fulltrúa er mættur á fundinn. Fræðsluráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

### 6. gr.

Formaður fræðsluráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Ákvæði II. og III. kafla samþykpta um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu eftir því sem við á. ~~Formaður fræðsluráðs Fundarstjóri~~ úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út frá fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðsluráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

## 7. gr.

Fræðsluráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 91/2008 um grunnskóla og lög nr. 90/2008 um leikskóla. Fræðsluráð fer enn fremur með málefni tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu, æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamál, auk forvarna samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Jafnframt fer ráðið með mál varðandi daggæslu barna í heimahúsum sbr. reglugerð nr. 907/2005 og Námsflokka Hafnarfjarðar – miðstöð símenntunar. Ásamt því að fara með mál varðandi önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum ráðsins

**Athugasemd [J1P7]:** Orðalag úr bæjarsamþykkt 64 gr. um verkefni fræðsluráðs. Að viðbættu tilvísun í daggæslu og miðstöð símenntunar.

Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með málefnum leikskóla, grunnskóla, Tónlistarskóla, Námsflokka Hafnarfjarðar – miðstöðvar símenntunar og daggæslu í heimahúsum.

Ráðið starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um ofangreinda málaflokka auk samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um frekara verksvið fræðsluráðs.

Með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kæru, vegna ákvarðana samkvæmt 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30. gr. leikskólalaga, til fræðsluráðs áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra.

**Athugasemd [J1P8]:** Búið að fella út úr grunnskólalögum.

## 8. gr.

Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarstjórnar og bæjarráðs um afgreiðslu mála sem lúta að gerð fjárhagsáætlunar, viðauka við fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um sérstakar samþykktir varðandi starfshætti á fræðslusviði og þeirra stofnana sem reknar eru á sviðinu.

Fræðsluráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum þó samið sé til lengri tíma. Öllum öðrum samningum skal vísað til samþykktar bæjarráðs/bæjarstjórnar. Sjá nánar samþykktar reglur um samninga.

Fræðsluráð veitir umsögn varðandi starfsmannamál í samræmi við 91. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

**Athugasemd [J1P9]:** Ákvæði er ekki lengur í bæjarsamþykkt.

Önnur þau mál sem fræðsluráð fær til meðferðar hljóta að jafnaði fullnaðarafgreiðslu á vettvangi ráðsins, nema bæjarstjórn ákveði annað eða lög mæli á annan veg.

Ætíð skal þó vísa máli til afgreiðslu í bæjarstjórn ef 2 ráðsmenn hið minnsta óska þess.

## 9. gr.

Mál er afgreitt í fræðsluráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðsfræðslusviðs. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefnda eða sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðsfræðslusviðs.

Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókannir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Málum sem varða fjárhagsáætlun og fjárhagslegum málum sem ekki koma fram í henni, skal vísa til bæjarráðs.

Fræðsluráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem vegna ákvæða í lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Í því skyni að stuðla að aukinni skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að fela öðrum aðilum en fræðsluráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslu slíkra mála má þó ætíð skjóta til fræðsluráðs eða bæjarstjórnar. Fræðsluráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

#### 10. gr.

Fræðsluráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef:

- lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun,
- þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum,
- leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum í Hafnarfirði sem eiga lögheimili utan Hafnarfjarðar,
- leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum,
- leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Hafnarfjarðar fyrir börn sem eiga lögheimili utan Hafnarfjarðar.

#### 11. gr.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðsfræðsluþjónustu, fræðslustjóri starfar með fræðsluráði, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd.

#### 12. gr.

Fræðsluráð getur ráðið sérstakan fundarritara til að annast ritun fundargerða í gerðabók. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fræðsluráðsmenn undirrita hana, nema fræðsluráð ákveði annað. Annarra sem sitja fundinn skal getið í fundargerð.

Fræðsluráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók ráðsins númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir ráðsmenn skulu við slit fundar rita nöfn sín í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og að minnsta kosti einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem skulu blaðsíðusettar í áframhaldandi tölvuröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. bæjarmálasamþykktar.

Ráðsmaður sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

**Athugasemd [JIP10]:** Fullnaðarafgreiðslur ákvæði hér í erindisbréf x . gr.

Sjá næstu grein ( 10. gr.)  
Fullnaðarafgreiðsla í samræmi við bæjarsamþykkt og viðauka þar um.

**Athugasemd [JIP11]:** Nýtt ákvæði vegna breytinga á samþykktum varðandi fullnaðarafgreiðslu mála.

**Athugasemd [JIP12]:** Breytingar á undirritun fundargerða, sbr. sveitarstjórnarlög varðandi rafræna undirritun og rafr fundargerðir. Þess í stað visað í nügildandi leiðbeiningar og bæjarsamþykkt.

**13. gr.**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnýslulögum og verklagsreglum um stjórnýsluna.

Óski aðili máls eftir frekari rökstuðning eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvæðunar með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnýslulaga.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

**14. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á; ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt fyrir stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Erindisbréf þetta hefur verið lagt fram í fræðsluráði og samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 7. desember 2011 og tóktetur þá þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi fyrra erindisbréf frá 7. desember 2011, gildir frá þeim tíma þar til annað kann að verða ákveðið.

**xx. nóvember 2022**

**Athugasemd [JIP13]:** Nýtt ákvæði. Almennt um málsmeðferð.